



Fundargerð

408. fundur (aukafundur) sveitarstjórnar Reykhólahrepps.
Föstudaginn 30. júní 2017, kl. 13.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð. Jóhann Þórðarson endurskoðandi var gestur á fundinum undir lið 1 á dagskrá og var hann í síma.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, þrjú mál bárust og var samþykkt samhljóða að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 407. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 8. júní 2017

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- húsnaðis- og hafnarnefnd 30. júní 2017.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1705013 – Ársreikningur Hafnarsjóðs og leiguíbúða Reykhólahrepps 2016.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikning Hafnarsjóðs og leiguíbúða Reykhólahrepps 2016. Samþykkt samhljóða.

2.2.1706017 – Tilkynning um skógrækt á jörðinni Höllustöðum, landnr. 139600.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.3. 1706018 – Áskorun til aðildaríkja Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.4. 1604001 – Deiliskipulag Kvígindisfjarðar.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna og samþykkir tillöguna til endanlegrar afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Samþykkt samhljóða.

2.5 1505002 – Deiliskipulag Kirkjuból.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna og samþykkir tillöguna til endanlegrar afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. Stjórn Barmahlíðar 30. júní 2017.

Formaður stjórnarinnar fór yfir fundargerðina.

3.1 1701005 – Ársreikningur Barmahlíðar 2016.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikning Barmahlíðar fyrir árið 2016. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

4. Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 15. júní 2017.

Fundargerð lögð fram.

5. Öldungaráð Dalabyggðar og Reykhólahrepps 7. júní 2017.

SRB fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin lögð fram.

Mál til afgreiðslu

1. 1706011 – Ársreikningur Reykhólahrepps 2016, fyrri umræða.

Ársreikningur Reykhólahrepps lagður fram til fyrri umræðu. Jóhann Þórðarson endurskoðandi var í síma og fór yfir reikninga sveitarfélagsins með sveitarstjórn.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 533,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 398,1 millj. kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 39,5 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 37,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Heildareignir sveitarfélagsins námu 626 millj. kr. og heildarskuldir 185,7 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 440,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 379,1 millj. kr.

Sveitarstjórn þakkar Jóhanni yfirferðina.

Ársreikningi Reykhólahrepps vísað til síðari umræðu, samþykkt samhljóða.

2. 1706012 – Samningur við Tröppu um almenna skólaráðgjöf.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

3. 1703016 - Stofnun stýrihóps um skólastefnu sveitarfélagsins.

Sveitastjórn samþykkir að stofna stýrihóp um um skólastefnu sveitarfélagsins.

Stýrihóp skipi;

Vilberg Þráinsson

Ágúst Már Gröndal
Árný Huld Haraldsdóttir
Skólastjóri Reykhólaskóla
Deildarstjóri leikskóladeildar
Tómstundafulltrúi
Fulltrúi frá foreldrafélagi Reykhólaskóla
Fulltrúi atvinnulífsins Ágústa Ýr Sveinsdóttir
Fulltrúi frá nemendaráði Reykhólaskóla

Verkefnastjóri yfir verkefninu verði Trappa ehf.
Samþykkt samhljóða.

4. 1607016 – Ljósleiðari um Reykhólahrepp.

SRB véc af fundi.

4.1 Verksamningur við Verklok ehf.

Sveitarstjórn samþykkir verksamning við Verklok ehf. Samningur gerir ráð fyrir lagningu ljósleiðarastrengja um sveitarfélagið kr. 300 á hvern meter lagningar með frágangi. Fyrir liggur að upphæð verksins er undir útboðsskyldu. Samþykkt samhljóða
Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.

SRB kom aftur inn á fundi.

4.2 Verksamningur við Svein Ragnarsson og umboð.

Sveitarstjórn samþykkir verksamning við Svein Ragnarsson og veitir honum umboð til að undirrita samninga við landeigendur um lagningu ljósleiðara um lönd þeirra, f.h. sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.
Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.

5. 1706015 - Starfsmannamál skrifstofu.

Erindi frá sveitarstjóra dagsett 28. júní 2017.

Sveitarstjóri fór yfir erindið. Ritari og aðalbókari hafa bæði sagt upp störfum. Auglýst verður eftir ritara. GG verður boðið að taka stöðu skrifstofustjóra út kjörtímabilið, eða til áramóta 2018/2019. Samþykkt samhljóða.

6. 1706014 - Ósk um kaup á skúrbyggingu.

Erindi frá Hjalta Hafþórssyni dagsett 6. júní 2017.

Sveitarstjórn samþykkir að selja Hjalta ónýta skúrbyggingu sem stóð við Hólabúð á kr. 10 þús. Samþykkt samhljóða.

7. 1706016 - Vinátta í verki.

Landssöfnun Hjalparstarfs kirkjunnar, Hróksins og Kalak vegna náttúruhamfara á Nuugattsiaqeyju á Grænlandi.

Sveitarstjórn samþykkir kr. 60.000 í framlag til landssöfnunar. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

8. 1702011 - Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 21. júní 2017.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

9. 1703014 - Fundargerð stjórnarfundar Atvest 14. júní 2017 og ársreikningur Atvest 2016.

Fundargerð og ársreikningur lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

10. 1706020 – Styrkbeiðni vegna málþings í Flatey 22. og 23. júlí 2017

Erindi frá Framfarafélagi Flateyjar dagsett 29. júní 2017.

Sveitarstjórn samþykkir kr. 175 þús í styrk til verkefnisins. Samþykkt samhljóða.

11. 1706021 – Viðræður um kaup á fasteignum Íbúðalánasjóðs.

Erindi frá Íbúðarlánasjóði dagsett 28. júní 2017.

Lagt fram og kynnt.

12. 1706022 – Fjölgun minka í sveitarfélaginu.

KK ræddi um mikla fjölgun á mink í sveitarfélaginu, gera þarf átak til að fækka honum.

KK leggur til að ráðnir veiðimenn verði fengnir til að leita þekkta staði í samráði við KK.

Aukafjárveiting í málaflokkinn samþykkt allt að kr. 300 þús. Fjárveitingu vísað í gerð viðauka við fjárhagsáætlun. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16:15

_____	_____
_____	_____
_____	_____